

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir <sup>1867.</sup>  
vesturumdæminu, um að Eiríki Björnssyni á Þurs- 14. nóvember.  
stöðum hafi verið veittur heiðurspeningur.

Samkvæmt þegnlegri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 25. f. m. allramildilegast að veita Eiríki Björnssyni á Þursstöðum í Mýra- og Hnappadals-sýslu heiðurspening þann, sem með konungsráðgjafum 28. febrúarmán. 1829 og 12. júlímán. 1840 er ætlaður handa duglegum Íslendingum sem „æruleaun iðni og hygginda“.

Þetta er yður hér með kunnngjört, herra amtmáður, til þess að þér tilkynnið hlutadeiganda það til bráðabirgða, og skal því við bætt, að yður mun verða sendur heiðurspeningurinn, undir eins og búíð er að slá hann.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 31. desember.  
yfir Íslandi, um leiðarmerki fyrir skip við Helgu-  
sker fyrir utan Hafnarfjörð.

Samkvæmt því, sem sjóliðsstjórnin hefir skýrt frá, hefir forstöðumanninum fyrir sjókortasafninu verið tilkynnt, að við Helgusker í Hafnarfjarðar mynni hafi verið lögð út veifa með vendi á, til þess að veifa þessi verði merkt á sjóar-uppdrættina kringum Ísland, og hefir tæð stjórnarráð bætt því við, að merki fyrir tunnu þeirri, sem lögð var við Akureyjar rif árið 1855, sè þegar til fært á greindum uppdráttum.

Þetta skal yður hér með kunnngjört, herra stiptamtmaður, til framhalds bréfi hédan 2. þ. m.